



# Viðtal við Inge Rauscher um Þjóðarvilja um ESB útgöngu í Austurríki.



## Viðtal við Inge Rauscher um Þjóðarvilja um ESB útgöngu í Austurríki.

Viðtal við Inge Rauscher um Þjóðarvilja um ESB útgöngu í Austurríki.

Spurning: Inge Rauscher, þú ert driffjöðurin á bak við 'Þjóðarvilja um ESB útgöngu', sem í lok júní náði í kvartmilljón eða réttara sagt 260.000 undirskriftir Austurríkismanna. Hvernig var það eiginlega mögulegt að ná svona miklum árangri?

Inge Rauscher: Já, með mjög mikilli eigin þátttöku borgaranna, það verður að segjast. Við vinnum öll endurgjaldslaust, mismunandi borgarahreyfingar, óhefðbundnir fjölmiðlar tóku líka þátt - þar á meðal Klagemauer-TV. Þannig að við vorum fjöldinn allur af fólki sem tók að sér að koma upplýsingaefni til þjóðarinnar. Yfir 900.000 upplýsingabæklingum var persónulega dreift og margir borgarar veittu líka fjárhagslegan stuðning svo yfirhöfuð væri mögulegt ná sem breiðastri virkni.

Enn fleiri hefðu farið og skrifað undir hefðu þeir frétt eitthvað af þessu. Við höfum 6,4 milljónir manna á kjörskrá í Austurríki og við náðum til 900.000. Þú getur reiknað þetta út, hefðum við náð til allra hefðum við örugglega fengið tvöfalt til þrefalt fleiri undirskriftir. En þetta vita stjórnámálamennirnir – þeir þekkja skilyrðin. Og síðan var það þessi gríðarlega fjölmiðlahunsun. Með stöku undantekningum þá þögðu fjölmiðlar algjörlega um þennan Þjóðarvilja, sér í lagi ríkissjónvarpið ORF og því er vægi þessarar niðurstöðu sérstaklega hátt.

Spurning: Í dag átti sér stað opinber sérfræðiáheyrn í Austurríska þinginu hvað Þjóðarvilja um útgöngu úr ESB varðar. Eftir ótrúlega niðurstöðu skráningarvinnunnar eru áhorfendur Klagemauer-TV forvitnir um eitt: Hvaða áhrif hafði þessi sérfræðiáheyrn á áframhaldandi ferli um Þjóðarvilja um útgöngu úr ESB?

Inge Rauscher: Já hún er auðvitað mikilvæg vegna þess að þar eru röksemdirnar lagðar fram – dýpri en líka nákvæmari rök – í efnahagslegu og vistfræðilegu tilliti, með tilliti til þjóðarréttar og á mörgum öðrum sviðum sem þetta snýst um. Og það er nauðsynlegt til þess að allir þingmenn geti tekið góða ákvörðun. En þeir þurfa líka einmitt að sýna vilja til þess að takast á við þetta – það hafa þeir hingað til ekki gert. Já, sérfræðiáheyrn er náttúrulega mjög mikilvæg, því að hún snýst um það aðstandendur Þjóðarviljans geti komið með ýtarlegan rökstuðning hvers vegna útganga úr ESB sé mikilvæg fyrir framtíð Austurríkis, svo land okkar geti yfirhöfuð lifað af. Og það er mjög góðir sérfræðingar á vegum aðstandenda Þjóðarviljans og hafa hér virkilega faglegar upplýsingar sem þeir geta veitt alþingismönnum.

Spurning: Mætti ég spurja þig nokkurra spurninga varðandi þá heimsatburði sem nú eru á döfinni? Á grundvelli hryðjuverkanna í París var Frakkland fyrsta landið til þess að virkja samstöðuskylduna hjá ESB-aðilum. Austurríki sem er hlutlaust land hefur líka lýst yfir fullum stuðningi. Hversu langt nær hið austurríska hlutleysi?

Inge Rauscher: 25 hinna 28 þátttökulanda eru jafnframt meðlimir í NATO – fyrst og fremst stóru ríkin og slíkt er náttúrulega enginn grunnur fyrir hlutlaust land. ESB er jú lýst sem „efnahags-NATO“. Og það er náttúrulega ósamræmanlegt við hlutleysi. Sem er jú líka ástæðan fyrir því að við tökum þátt í efnahagsaðgerðum gegn Rússlandi – vegna

aðildarinnar í ESB. Klár brot á hlutleysinu!

Spurning: Er pólitísk friðarstefna Austurríkis í hættu með verunni í ESB?

Inge Rauscher: Já, þú þarft nú bara að rifja upp að í kjölfar Úkraínudeilunnar fóru heilmargir NATO-skriðdrekar í gegnum Austurríki þ.e.a.s. virkilegar stríðsvélar. Og ástæða þess að allt þetta er mögulegt – í fyrsta lagi vegna því við höfum ekkert landamæraeftirlit lengur og öðru lagi vegna þess að við erum meðlimir í ESB. Núna á líka aftur að fara senda austurríska hermenn til Norður-Afríku – eins og við gerðum einu sinni. Allt þetta væri ekki hægt ef við byggjum við virkt hlutleysi.

Og þetta er líka eitt af þessum megin ástæðum hvers vegna við viljum ganga úr ESB.

Þessvegna hefur fjórðungur úr milljón greitt atkvæði sitt. Sannast sagna væru það miklu fleiri, hefðu þeir yfirhöfuð frétt af þessum Þjóðarvilja – maður gæti reiknað með tvöfalt eða þrefalt fleiri undirskriftum.

Þannig að það er á hreinu að vilji maður stunda hlutlausu friðarstefnu eins og Sviss, þá er úrsögn úr ESB óumflýjanleg.

Spurning: Nú í ár 2015 hefur Austurríki orðið fyrir flóðbylgju flóttamanna. Nágrannaland Austurríkis, Ungverjaland hefur þegar lokað landamærum sínum fyrir flóttamönnum. Hvað heldur þú að Austurríki ætti að gera?

Inge Rauscher: Já, auðvitað væri það vissulega nauðsyn að koma aftur upp landamærastöðvum og manna þær á tilskyldan máta. Spurningin er hvort orðið „flóttamaður“ sé rétt. Það er örugglega lítil hluti alvöru flóttamenn – og þar verður maður að segja að samkvæmt Genfar-sáttmálanum þá hafa stríðflóttamenn ekki réttindi sem hælisleitendur. Það er einfaldlega ekki rétt. Þeir hafa aðra möguleika í sínu meginlandi, að hluta til líka í sínu eigin landi – það er ekki allstaðar samtímis stríð. Menningarlega séð væri það líka mun betra og eins vegna félagslegra aðstæðna. Og maður þarf núna að velta fyrir sér hvað sé eiginlega að baki þessarar innflytjendaöldu sem nú stendur yfir: ESB vill með þessu móti með ofbeldi skapa „sameinaða þjóð“ í Evrópu. Það vill jú eitt miðstýrt rísa-ríki. Og ríki þarfnast líka þjóðar!

En það er ekki til nein evrópsk þjóð – það eru bara til evrópskar þjóðir. Og það er það sem maður skapar með skyldubundna móttökukvóta á innflytjendum – sundurleita þjóðasameind svo ESB geti svo-að-segja stýrt þeim að eigin geðþótta. Þetta er ein af ástæðunum að baki þessarar þróunar og fyrir alþjóðlegu stórfyrirtækin þýðir þetta einfaldlega að launin eru allstaðar keyrð niður. Við munum uppskera miskunnarlausu nauðungarsamkeppni á vinnumarkaðnum og með því er engum hjálpað: Innflytjendunum ekki og heldur ekki innfæddum.

Spurning: Nú aftur að ESB úrsögninni: Í Englandi eru líka nokkrir stjórnámálmenn sem hafa velt fyrir sér úrgöngu úr ESB. Einnig í Finnlandi er verið að vinna í því að ganga út úr ESB. Ísland sem enn er ekki orðið ESB land – dróg aðlögunarferli sitt til baka í mars 2015. Er hægt að greina almennar ESB efasemdir hjá fólki í Evrópu?

Inge Rauscher: Já við trúum því. Því margt af því sem var lofað sem afleiðingu af ESB inngöngu hefur ekki átt sér stað. Þetta voru að stórum hluta lygar. Það var sagt: atvinnutækifærin munu aukast – en í raun höfum við slegið met í atvinnuleysi, það hæsta frá 1945, ríkisskuldur aukast sífellt. Í öðrum löndum er atvinnuleysi ungs fólks orðið gríðarlegt – t.d. á Spáni, Portúgal og líka á Ítalíu. Íbúarnir njóta með öðrum orðum engra hlunninda með þessari ESB aðild. Hvers vegna ætti maður að hanga áfram í þessu fyrirbæri?

Mun skynsamlegra væri ef þjóðirnar og ríkin gæti aftur orðið sjálfstæð og frjáls, gengið frá sínum eigin viðskiptasamningum - auðvitað, gerst hluthafar í verkefnum, tekið þátt í samvinnu með öðrum ríkjum – en af fúsum og frjálsum vilja og með gagnkvæmum réttindum og skyldum. Í dag höfum við eingöngu skyldur og enginn réttindi í ESB.

Spurning: Hvernig heldur þetta áfram með Þjóðarviljann úr ESB?

Inge Rauscher: Hin eiginlega sérfræðiáheyrn á að eiga sér stað í síðasta lagi í janúarlok 2016 og fyrir 17. febrúar í síðasta lagi, þarf að fara fram alsherjarumræða um Þjóðarviljann í þjóðarráðinu. Og þar geta fimm þingmenn lagt inn umsókn, hafa rétt á því, umsókn um þjóðaratkvæðagreiðslu um útgöngu úr ESB. Og síðan yrði að kjósa um þessa umsókn. En við höfum enga tryggingu að slík umsókn verði lögð fyrir. Þá munum við sjá hversu mikið þessir svokölluðu fulltrúar þjóðarinnar standa að baki þjóðinni. Það á eftir að koma í ljós. En komi ekki til þessara umsóknar núna, þá er hægt að taka hana upp seinna – og þrýstingurinn þarf áfram að aukast frá borgurunum, svo það gerist síðan einn dag. Kærar þakkar frú Rauscher fyrir þetta upplýsandi viðtal. Við óskum þér áframhaldandi góðs árangurs með verkefnið!

eftir mw.

---

### Heimildir:

Wegwarte Folge 4 Juli 2015 Seite 1 – 2

Wegwarte Folge 5 Oktober 2015 Seite 2

Wegwarte Folge 1 Jänner 2016 Seite 1 – 3

[www.ots.at/presseaussendung/OTS\\_20150819\\_OTS0019/eu-austritts-volksbegehren-wird-morgen-dem-nationalrat-zugeleitet](http://www.ots.at/presseaussendung/OTS_20150819_OTS0019/eu-austritts-volksbegehren-wird-morgen-dem-nationalrat-zugeleitet)

[www.ots.at/presseaussendung/OTS\\_20160122\\_OTS0129/parlament-top-im-nationalrat-am-27-jaenner-2016](http://www.ots.at/presseaussendung/OTS_20160122_OTS0129/parlament-top-im-nationalrat-am-27-jaenner-2016)

[www.ots.at/presseaussendung/OTS\\_20160114\\_OTS0146/eu-austritts-volksbegehren-klubfreie-abgeordnete-werden-volksabstimmung-verlangen](http://www.ots.at/presseaussendung/OTS_20160114_OTS0146/eu-austritts-volksbegehren-klubfreie-abgeordnete-werden-volksabstimmung-verlangen)

---

### Þetta gæti þér líka þótt áhugavert:

#ESB - [www.kla.tv/ESB](http://www.kla.tv/ESB)

---

### Kla.TV – Hinar fréttirnar ... frjálssar – óháðar – óritskoðaðar ...



- það sem fjölmiðlar ættu ekki að þegja um ...
- fáheyrð frá fólkinu, für das Volk ...
- reglulegar fréttir á [www.kla.tv/is](http://www.kla.tv/is)

Það borgar sig að fylgjast með!

Ókeypis áskrift með mánaðarlegu fréttabréfi á netfangið

þitt færðu hér: [www.kla.tv/abo-is](http://www.kla.tv/abo-is)

---

### Ábending öryggisins vegna:

Mótraddir eru því miður æ oftast þaggaðar niður eða þær ritskoðaðar. Svo lengi sem flytjum ekki fréttir samkvæmt áhuga og hugmyndafræði kerfispressan getum við sífellt reikna með því að leitað sé eftir tilliástæðum til þess að loka fyrir eða valda Kla.TV skaða.

Tengist því í dag óháð internetinu! Smellið hér: [www.kla.tv/vernetzung&lang=is](http://www.kla.tv/vernetzung&lang=is)

---

Licence:  *Creative Commons leyfi sé höfundar getið*

Við útbreiðslu og deilingu skal höfundar getið! Efnið má þó ekki kynna tekið úr því samhengi sem það er í. Stofnunum reknur af opinberu fé (RÚV, GEZ, ...) er notkun óheimil án leyfis. Brot á þessum skilmálum er hægt að kæra.